

5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði sem ákveðið er af tveim mönnum sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.

Stjórn sjóðsins setur reglur um við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem ekki eru launþegar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1989 skal þrátt fyrir ákvæði 8. gr. greiða iðgjöld af öðrum launum en fyrir dagvinnu, þar með talið vaktaálag, sem hér segir:

|                                                   | Hluti<br>launþega | Hluti<br>atvinnurekanda | Samtals |
|---------------------------------------------------|-------------------|-------------------------|---------|
| Frá gildistöku laga þessara til 31. desember 1987 | 1,0%              | 1,5%                    | 2,5%    |
| Frá 1. janúar 1988 til 31. desember 1988          | 2,0%              | 3,0%                    | 5,0%    |
| Frá 1. janúar 1989 til 31. desember 1989          | 3,0%              | 4,5%                    | 7,5%    |

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Baldvin Hannibalsson.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1982 og 5. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Launaskattur skal nema 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá aðilum er stunda starfsemi sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Launaskattur af öðrum vinnulaunum og atvinnutekjum en um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 2. gr. skal nema 3,5%.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af launaskatti fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1984, um Húsnaðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskræktarstöðvum. Vinna við skógrækt telst landbúnaðarstarf í þessu sambandi. veiði í ám og vötnum, fiskrækt og gæsla veiðiréttar teljast hins vegar ekki landbúnaðarstörf.

3. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Reki aðili fjölpættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist skal greiða af 3,5%, 1% eða engan launaskatt, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í gjaldflokka launaskatts, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., í sömu hlutföllum og eru milli heildargreiðslna í hverjum gjaldflokki, sbr. 1. mgr., áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna launaskatt af þeim í samræmi við það.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988 og skal launaskattur samkvæmt þeim greiddur af öllum launum vegna starfa sem unnin eru frá og með þeim tíma.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

## LÖG

### um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1988 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.